

Ár 2012, þriðjudaginn 20. mars, var haldinn fundur í áfrýjunarnefnd hugverkaréttinda á sviði iðnaðar. Fyrir var tekið:

**Mál 3/2011:
Sigurjónsson & Thor
ehf., f.h. Miroglio
Fashion S.r.l., Ítalíu,
gegn
Sautján ehf., Kringlunni
4-12, Reykjavík, vegna
úrskurðar
Einkaleyfastofunnar frá
8. apríl 2011 þar sem
andmælum gegn
skráningu nr. 239/2010
KARAKTER var
hafnað.**

Kveðinn var upp svofelldur

úrskurður:

Með bréfi, dags. 18. maí 2011, skaut umboðsmaður áfrýjanda til áfrýjunarnefndar úrskurði Einkaleyfastofu (ELS), nr. 3/2011 frá 8. apríl 2011, um að hafna andmælum gegn skráningu merkisins KARAKTER, sbr. skráning nr. 239/2010. Þar var þess krafist að ákvörðun ELS yrði hrundið.

Málavextir:

I.

Umboðsmaður varnaraðila sótti um skráningu vörumerkisins KARAKTER (orðmerki) með umsókn nr. 179/2010, dags. 25. janúar 2010. Óskað var skráningar fyrir fatnað, skófatnað og höfuðfatnað í flokki 25 og auglýsingastarfsemi, rekstur og stjórnun fyrirtækja og skrifstofustarfsemi í flokki 35.

Með bréfi, dags. 14. maí 2010, andmælti umboðsmaður áfrýjanda skráningu merkisins og byggðust andmælin á alþjóðlegum skráningum nr. 914960 CARACTÈRE, nr. 940062 C24 CARACTERE og nr. 941601 C24 CARACTERE. Að auki var alþjóðleg skráning nr. 799884 CARACTÈRE tilgreind sem grundvöllur andmæla í greinargerð áfrýjanda fyrir ELS, dags. 18. júní 2010. Andmælin byggðust einnig á notkun merkja áfrýjanda hér á landi.

Í bréfi umboðsmanns áfrýjanda til ELS, dags. 18. júní 2010, var vísað til 6. tölul. 1. mgr. 14. gr. laga um vörumerki, nr. 45/1997 (vml.), þar sem kveðið er á um að vörumerki megi ekki skrá ef villast megi á því og vörumerki sem skráð hefði verið hér á landi eða hefði verið notað hér þegar umsókn um skráningu var lögð inn og væri enn notað hér. Vísaði hann til framangreindra merkja áfrýjanda og gat þess að andmælin byggðust einnig á notkun merkja hans hér á landi. Hann benti á að merki áfrýjanda væru skráð hér á landi og um allan heim. Umboðsmaðurinn benti á að orðið „karakter” á íslensku væri dregið af franska orðinu „caractere” eða enska orðinu „character” sem hefði ýmsar merkingar samkvæmt *Ensk-íslenskri orðabók með alfræðilegu ívafi* frá 1991, s.s.: eðli, gerð eða tegund; skapgerð, skapferli; skapfesta; álit, mannorð; vitnisburður, meðmæli; staða; persóna, manngerð; persóna í skáldverki; leturgerð o.fl. Umboðsmaður áfrýjanda benti á að í athugasemdum við 4. gr. vml. væri kveðið á um að það væri heildarmynd merkja sem segði til um hvort villast mætti á merkjum fremur en einstakir hlutar merkis. Þá bæri að hafa sjónarmið hins almenna neytanda í huga við matið en þó með það í huga að neytendur hefðu yfirleitt aðeins annað merkið fyrir augum og gætu því ekki gert samanburð á merkjum. Umboðsmaður áfrýjanda tók fram að hann teldi að sú mynd sem sæti eftir í hugum neytenda þegar þeir sæu merkið KARAKTER ylli því að þeir tengdu það við merkið CARACTERE.

Þá benti umboðsmaður áfrýjanda á dómaframkvæmd dómstóls Evrópubandalaganna og skrif fræðimanna. Þá sagði orðrétt:

Orðin KARAKTER og CARACTERE eru næstum eins. Þau eru mjög lík í sjón, framburði og þau merkja það sama. Ruglingshættu á milli vörumerkja er ekki hægt að meta lögum samkvæmt án þess að bera saman þær vörur sem merkjunum er ætlað að auðkenna. Samspil þessara tveggja þátta þ.e. merkjalíkingar og vörulíkingar hefur áhrif við mat á ruglingshættu þannig að mikil vörulíking eykur líkur á merkjalíkingu. Í þessu tilviki er vörulíking ótvírætt fyrir hendi.

Umboðsmaður áfrýjanda benti á að vörulista alþjóðlegrar skráningar nr. 941601 C24 CARACTERE mætti þýða sem leður og leðurlíki, vörur búnar til úr þeim efnum sem falla ekki í aðra flokka; skinn og húðir, ferðakoffort og ferðatöskur; regnhlífur, sólhlífur og göngustafir; svipur, aktygi og reiðtygi í flokki 18, og að í þennan flokk félli einnig fatnaður úr leðri. Vörulista alþjóðlegrar skráningar nr. 940062 C24 CARACTERE mætti þýða sem vefnað og vefnaðarvörur, sem væru ekki taldar í

öðrum flokkum, rúmteppi og borðdúka í 24. flokki og fatnað, skófatnað og höfuðfatnað í 25. flokki. Þá mætti þýða vörulista alþjóðlegrar skráningar nr. 914960 CARACTERE sem góðmálma og blöndur úr þeim, svo og vörur úr eða húðaðar með þessum efnum sem ekki heyra undir aðra flokka; skartgripi, gimsteina; klukkur og tæki til tímamælinga í 14. flokki. Loks mætti þýða vörulista alþjóðlegrar skráningar nr. 799884 CARACTERE sem búnað og tæki notuð við vísindi, siglingar, landmælingar, ljósmyndun, kvikmyndatöku og –sýningar; sjóntæki, vogir, mælingatæki, merkjasendingatæki, eftirlitstæki, björgunartæki, kennslutæki og – búnað; búnað og tæki til að flytja, dreifa, breyta, geyma, stjórna eða stýra rafstraumi; tæki sem notuð eru til að taka upp, flytja og fjölfalda/endurvinna hljóð eða mynd; segulgagnaver, upptökudiskar fyrir hljóð; sjálfsalar og vélbúnaður fyrir myntstýrð tæki, búðarkassar, reiknivélar, gagnavinnslu- og tölvubúnaður; slökkvitæki í 9. flokki og leður og leðurlíki, vörur búnar til úr þeim efnum sem falla ekki í aðra flokka; skinn og húðir; ferðakoffort og ferðatöskur; regnhlífur, sólhlífur og göngustafir; svipur og reiðtygi í 18. flokki. Bent var á að merki áfrýjanda hefðu verið notuð hér á landi og voru lagðar fram upplýsingar um sölu varanna hingað til lands. Krafdist umboðsmaður áfrýjanda þess að lokum að skráningu nr. 239/2010 KARAKTER yrði hafnað.

Varnaraðili vísaði til þess í ódagsettu bréfi til ELS að hann væri skráður eigandi að vörumerkinu KARAKTER, sem væri verslun í verslunarmiðstöðinni Kringlunni sem hefði opnað í apríl 2010. Bent var á að hugmyndafræðin að baki versluninni væri tvíþætt. Annars vegar að selja kvenfatnað frá blönduðum hópi framleiðanda sem aðallega væru frá Evrópu og að við innkaup fyrir verslunina væri kappkostað að velja föt sem skapi og túlki persónumynd viðskiptavina. Fötin ættu að vera eftirtektarverð og vönduð og reynt væri að höfða til kvenna með góðan smekk og sterka sjálfsvitund. Hins vegar væri verslunin rekin af NTC hf. sem ræki þegar verslunina Kultur (nr. 930/2003) í sömu verslunarmiðstöð. Nöfn þessara tveggja verslana væru byggð á alþjóðlegum orðum sem lýsti eiginleikum tískufatnaðar og væru gjarnan notuð í tískuumfjöllun. Stafurinn K væri notaður í stað CH til að gefa íslenskt yfirbragð. Þá gat varnaraðili þess að honum hefði ekki verið kunnugt um tilvist merkis áfrýjanda en kvaðst hafa upplýsingar um að sú verslun sem hefði selt vörur áfrýjanda hefði lokað snemma árs 2008. Taldi hann því hæpið að það hefði skapast hefð fyrir orðinu caractere fyrir fataverslanir. Varnaraðili kvaðst ekki ráðgera að sækja á aðra markaði

en hinn íslenska. Að lokum benti hann á að hann teldi vörumerkið KARAKTER (nr. 239/2010) ekki geta valdið hættu á ruglingi við merki varnaraðila og krafðist þess að skráningin stæði.

Málavöxtum er að öðru leyti lýst í hinni kærðu ákvörðun ELS.

II.

Í niðurstöðu ELS, dags. 8. apríl 2011, var vísað til 6. tölul. 1. mgr. 14. gr. vml. þess efnis að óheimilt sé að skrá merki ef villast megi á því og merki sem skráð hefur verið hér á landi eða hefur verið notað hér þegar umsókn um skráningu var lögð inn og væri enn notað hér. Bent var á að það sem skipti máli við mat á ruglingshættu með merkjum væri það hvort sjón-, hljóð- og vöru- eða þjónustulíking væri með merkjunum. Þessa þætti þyrfti að meta saman en það sem réði úrslitum væri hvort heildarmynd merkja væri svo lík að ruglingi gæti valdið. Vísað var til þess að almennt væri talið að því ólíkari sem merki væru þeim mun skyldari eða svipaðri mættu vörur eða þjónusta vera og öfugt. Því næst bar ELS saman merki áfrýjanda við merki varnaraðila og sagði orðrétt:

1. KARAKTER (orðmerki), nr. 239/2010 – CARACTÉRE (orðmerki), sbr. alþjóðleg skráning, nr. 914960.

Sjón- og hljóðlíking

Merki umsækjanda inniheldur tvö atkvæði (átta bókstafi) og byrjar á K en merki andmælanda inniheldur þrjú atkvæði (nínu bókstafi) og byrjar á C. Næstu þrjú bókstafir eru eins í báðum merkjunum. Fimmti bókstafurinn er annars vegar K og hins vegar C. Þá endar merki umsækjanda á TER en merki andmælanda endar á TÉRE. Að mati Einkaleyfastofunnar er ekki mikil sjónlíking með merkjunum. Hvað varðar hljóðlíkingu er áherslan að jafnaði á fyrsta atkvæði í íslensku öfugt við í frönsku þar sem áherslan er almennt ekki á fyrsta atkvæði. Þetta atriði gerir það að verkum að framburður orðanna tveggja er nokkuð frábrugðin, auk þess sem merki andmælanda endar á E sem gerir hljóðlíkinguna enn minni.

Vöru- og þjónustulíking

Merki umsækjanda er skráð fyrir vörur og þjónustu í flokkum 25 og 35¹. Merki andmælanda er skráð fyrir vörur í flokki 14².

Ekki er hægt að fallast á að vörur í flokki 14 og 25 séu svipaðrar tegundar, eins og andmælandi heldur fram og því er ekki vörulíking fyrir hendi hvað þá flokka varðar. Þá verður ekki talið að ruglingshætta sé með vörum í flokki 14 og þjónustu í flokki 35. Að mati Einkaleyfastofunnar verður því ekki talið, þegar litið er til heildarmyndar merkjanna, að um ruglingshættu sé að ræða í skilningi, 6. tölul. 1. mgr. 14. gr. vörumerkjalaga.

¹ Flokkur 25: fatnaður, skófataður og höfuðfatnaður.

Flokkur 35: auglýsingastarfsemi; rekstur og stjórnun fyrirtækja; skrifstofustarfsemi.

² Flokkur 14: precious metals and their alloys and goods made of or coated with these materials not included in other classes; jewelry, precious stones; timepieces and chronometric instruments.

2. KARAKTER (orðmerki), nr. 239/2010 – C24 CARACTERE (orðmerki), sbr. alþjóðleg skráning, nr. 914961 [sic].

Sjón- og hljóðlíking

Um samanburð orðanna KARAKTER og CARACTÉRE vísast til umfjöllunar hér að ofan. Á undan orðinu CARACTÉRE stendur C24 sem dregur enn meir úr sjón- og hljóðlíkingu með merkjunum.

Vöru- og þjónustulíking

Merki umsækjanda er skráð fyrir vörur og þjónustu í flokkum 25 og 35³.

Merki andmælanda er skráð fyrir vörur í flokki 18⁴. Merkin eru ekki í sömu flokkum. Ekki verður talið að skörun sé milli þjónustu í flokki 35 og vara í flokki 18. Talið er að skörun geti verið milli þeirra vara er heyra undir flokk 25 og þeirra sem falla undir flokk 18. Þess er þó ekki getið sérstaklega að um fatnað sé að ræða í vörulista skráningar andmælanda, C24 CARACTERE.

Það er þó mat Einkaleyfastofunnar, þegar heildarmyndir merkjanna er borin saman, að ekki sé ruglingshætta með merkjunum, í skilningi 6. tl. 1. mgr. 14. gr. vörumerkjalaga.

3. KARAKTER (orðmerki), nr. 239/2010 – C24 CARACTERE (orðmerki), sbr. alþjóðleg skráning, nr. 914962[sic].

Sjón- og hljóðlíking

Vísað er til umfjöllunar um ruglingshættu vegna merkjanna, KARAKTER (orðmerki), nr. 239/2010 – C24 CARACTERE (orðmerki), sbr. alþjóðleg skráning, nr. 914961, hér fyrir ofan.

Vöru- og þjónustulíking

Merki umsækjanda er skráð fyrir tilgreindar vörur og þjónustu í flokkum 25 og 35⁵.

Merki andmælanda er skráð fyrir tilgreindar vörur í flokkum 24 og 25⁶.

Vörulíking er til staðar hvað varðar flokk 25. Þá geta vörur í flokki 24 skarast við vörur í flokki 25. Hins vegar er það mat Einkaleyfastofunnar að ekki sé ruglingur milli vara í flokki 24 og 25 og þjónustu í flokki 35. Þegar merkin eru virt í heild sinni er það mat Einkaleyfastofunnar að ekki sé ruglingshætta með þeim, sbr. 6. tl. 1. mgr. 14. gr. vörumerkjalaga.

4. KARAKTER (orðmerki), nr. 239/2010 – CARACTÉRE (orðmerki), sbr. alþjóðleg skráning nr. 799884.

Sjón- og hljóðlíking

Vísað er til umfjöllunar, hér að ofan, um ruglingshættu vegna KARAKTER (orðmerki), nr. 239/2010 og CARACTÉRE (orðmerki), sbr. alþjóðleg skráning, nr. 914960.

Vöru- og þjónustulíking

Merki umsækjanda er skráð fyrir tilgreindar vörur og þjónustu í flokkum 25 og 35⁷.

Merki andmælanda er skráð fyrir tilgreindar vörur í flokkum 9 og 18⁸.

³ Flokkur 25: fatnaður, skófatnaður og höfuðfatnaður. Flokkur 35: auglýsingastarfsemi; rekstur og stjórnun fyrirtækja; skrifstofustarfsemi.

⁴ Flokkur 18: leather and imitation leather, goods made of these materials not included in other classes; animal skins and hides; trunks and suitcases; umbrellas, parasols and walking sticks; whips, harness and saddler.

⁵ Flokkur 25: fatnaður, skófatnaður og höfuðfatnaður.

Flokkur 35: auglýsingastarfsemi; rekstur og stjórnun fyrirtækja; skrifstofustarfsem

⁶ Flokkur 24: textiles and textile goods, not included in other classes; bed and table covers.

Flokkur 25: fatnað, skófatnað og höfuðfatnað

⁷ Flokkur 25: fatnaður, skófatnaður og höfuðfatnaður.

Flokkur 35: auglýsingastarfsemi; rekstur og stjórnun fyrirtækja; skrifstofustarfsemi.

⁸ Flokkur 9: scientific, nautical, surveying, photographic, cinematographic, optical, weighing, measuring, signaling, checking (supervision), emergency (life-saving) and teaching apparatus and instruments; apparatus and instruments for conveying, distributing, transforming, storing, regulating or controlling electric current; apparatus for recording, transmitting and reproducing sound or images; magnetic recording media, sound recording disks; automatic vending machines and mechanisms for

Merkin eru ekki í sömu flokkum en flokkar 25 og 18 geta skarast. Ekki er þess getið sérstaklega að um fatnað sé að ræða í vörulista skráningar andmælanda, CARACTÉRE og því verður ekki talið að um mikla vörulíkingu sé að ræða þar. Hins vegar er það mat stofnunarinnar að engin vörulíking sé með flokkum 9 og 25. Þá er það mat Einkaleyfastofunnar að ekki sé ruglingur milli vara í flokkum 9 og 18 og þjónustu í flokki 35. Þegar heildarmynd merkjanna er borin saman með tilliti til ofangreinds er það mat Einkaleyfastofunnar að ekki sé ruglingshætta með merkjunum, í skilningi 6. tl. 1. mgr. 14. gr. vörumerkjalaga.

ELS taldi ekki hættu á að villst yrði á merki varnaraðila KARAKTER og merkjum áfrýjanda CARACTÉRE, sbr. alþjóðlega skráningu nr. 914960, C24 CARACTERE, sbr. alþjóðlega skráningu nr. 914961[sic], C24 CARACTERE, sbr. alþjóðlega skráningu nr. 914962 [sic] og CARACTÉRE, sbr. alþjóðlega skráningu nr. 799884, í skilningi 6. tölul. 1. mgr. 14. gr. laga um vml. og tók því ekki til greina kröfu áfrýjanda um að skráning merkisins KARAKTER yrði ógilt.

III.

Umboðsmaður áfrýjanda skaut úrskurði ELS til áfrýjunarnefndar með bréfi, dags. 18. maí 2011. Þar krafðist hann þess að ákvörðun ELS yrði hrundið. Í greinargerð umboðsmanns áfrýjanda, dags. 22. september 2011, ítrekaði hann áður fram komnar röksemdir og bætti við að hann krefðist endurskoðunar á þeirri staðhæfingu ELS að merkin væru ólík í framburði. Vísaði hann til skrifa fræðimanna og dómaframkvæmdar og krafðist endurskoðunar á þeim rökstuðningi ELS að ekki væri merkjalíking með orðunum KARAKTER og CARACTERE sem hann fullyrti að væru næstum eins. Að lokum gat hann þess að hann teldi að skrá ætti merki áfrýjanda.

Í greinargerð varnaraðila, dags. 24. október 2011, voru þær röksemdir sem áður höfðu komið fram af hans hálfu ítrekaðar. Hafi afstaða varnaraðila ekki breyst frá því að Einkaleyfastofa hafi hafnað andmælum áfrýjanda gegn skráningu merkisins.

coin-operated apparatus; cash registers, calculating machines, data processing and computer equipment; fire extinguishers.

Flokkur 18: leather and imitations thereof, goods made of these materials not included in other classes; animal skins and hides; trunks and suitcases; umbrellas, parasols and walking sticks; whips and saddler.

Niðurstaða:

IV.

Deilt er um ákvörðun Einkaleyfastofunnar frá 8. apríl 2011 í andmælamáli nr. 3/2011 um að skráning vörumerkisins KARAKTER (orðmerki), nr. 239/2010, skuli halda gildi sínu. Andmælin eru borin fram á grundvelli ruglingshættu við alþjóðlegar skráningar áfrýjanda nr. 914960 CARACTÈRE, nr. 940062 C24 CARACTERE og nr. 941601 C24 CARACTERE, auk alþjóðlegrar skráningar nr. 799884 CARACTÈRE, en hún var fyrst tilgreind í greinargerð áfrýjanda fyrir ELS, dags. 18. júní 2010.

Meginhlutverk vörumerkja er að greina vörur og þjónustu eins aðila frá vörum og þjónustu annarra, sbr. 2. gr. vml. Það að villast megi á vörumerkjum í skilningi 6. tölul. 1. mgr. 14. gr. felur í sér að neytendur geti ruglast á vörum ólíkra framleiðenda eða telji vörur eða þjónustu ólíkra aðila hafa sama viðskiptalega uppruna vegna líkingar merkja.

Við mat á því hvort villast megi á merkjum verður að líta til tveggja þátta, það er annars vegar hvort merkin taki til eins eða svipaðrar vöru eða þjónustu (vörulíking) og hins vegar hvort merkin séu svo lík að hætta sé á ruglingi (merkjalíking), sbr. 1. mgr. 4. gr. vml. Vörulíkingu og merkjalíkingu verður ætíð að skoða í samhengi. Það sem síðan ræður úrslitum við mat á því hvort villast megi á merkjum eru þau heildaráhrif sem merkin skilja eftir sig í huga neytandans. Við matið er litið til þess hvort merkin séu lík í útliti (sjónlíking), hljómi á líkan hátt (hljóðlíking) og þá hefur merking orða einnig þýðingu við matið.

Þegar meta skal hvort vörulíking er fyrir hendi verður m.a. að hafa í huga hvort um svipaðar vörur er að ræða, hvort markhópurinn sé sá sami og hvort vörurnar séu samkeppnisvörur. Ekki er unnt að gefa sér það fyrirfram að vörulíking sé til staðar þó að vörumerki auðkenni vörur sem tilheyra sama flokki samkvæmt flokkunarkerfi Nice-samningsins frá 1957, sbr. 16. gr. vml. og 22. gr. rgj. nr. 310/1997, þó svo að oftast sé það raunin.

Í hinum áfrýjaða úrskurði ELS er merki varnaraðila sem skráð er fyrir vörur og þjónustu í flokkum 25 og 35 borið saman við fjögur áður tilgreind merki áfrýjanda í

mismunandi vöruflokkum, nánar tiltekið flokkum 9, 14, 18, 24 og 25. Varðandi vörulíkingu verður að fallast á það mat ELS að ekki sé ruglingshætta milli merkis áfrýjanda í vöruflokki 9, CARACTÉRE, sbr. alþjóðlega skráningu nr. 799884, þar sem um er að ræða ýmis konar tæknilegan varning, og merkis varnaraðila í vöruflokki 25, þar sem um er að ræða fatnað, skófatnað og höfuðfatnað. Hins vegar verður að telja að vörulíking kunni að vera á milli merkja áfrýjanda í vöruflokkum 14, CARACTÉRE, sbr. alþjóðlega skráningu nr. 914960, og 18, CARACTÉRE, sbr. alþjóðlega skráningu nr. 941601, og merkis varnaraðila í vöruflokki 25 þar sem að í öllum flokkum kunni að vera um einhvers konar tískuvarning að ræða. Þá verður jafnframt að telja að vörulíking sé fyrir hendi á milli merkja áfrýjanda í vöruflokkum 24 og 25, C24 CARACTERE, sbr. alþjóðlega skráningu nr. 940062, og merkis varnaraðila í vöruflokki 25, en um er að ræða annars vegar ýmis konar vefnaðarvöru og hins vegar fatnað, skófatnað og höfuðfatnað. Hins vegar verður ekki talið að vörulíking sé til staðar á milli merkja áfrýjanda í öllum áðurnefndum vöruflokkum og merkis varnaraðila í þjónustuflokki 35, fyrir auglýsingastarfsemi; rekstur og stjórnun fyrirtækja; skrifstofustarfsemi.

Um sjón- og hljóðlíkingu merkjanna, sem deilt er um, verður að telja að sjónlíking sé mikil, en merkin KARAKTER annars vegar og CARACTÉRE hins vegar hafa bæði að geyma þriggja atkvæða orð sem eru afar svipuð í uppbyggingu og svipuð að lengd, annars vegar átta og hins vegar níu bókstafir. Ekki verður talið að bókstafurinn K annars vegar og C hins vegar geri slíkan greinarmun á merkjunum að það dragi úr sjónlíkingu þeirra. Þá verður ekki talið að þótt í alþjóðlegum skráningum áfrýjanda nr. 940062 og 941601 sé tákningu C24 bætt framan við orðið CARACTERE veiti það merkjunum slíkt sérkenni að það dragi úr sjónlíkingu við merki varnaraðila. Orðið CARACTERE er hinn ráðandi þáttur í merkinu og það sem ætla má að neytendur veiti hvað mesta athygli. Hvað varðar hljóðlíkingu merkjanna er til þess að líta að bókstafirnir C og K eru bornir fram með sama hætti í íslenskum framburði og því lítill sem enginn munur á framburði orðanna. Verður því að telja að hljóðlíking merkjanna sé algjör hjá neytendum hér á landi. Má um það jafnframt vísa til dóms Hæstaréttar frá árinu 1998, á bls. 433 í dómasafni, þar sem ruglingshætta var talin með merkjunum KRAFT og CRAFT. Þá verður ekki fallist á það með ELS að það geri hljóðlíkingu milli merkjanna minni að merki áfrýjanda endi á bókstafnum E, enda

áhersla í íslenskum framburði alla jafna á fyrri hluta orðs, auk þess sem E í lok orðs er „hljóðlaust“ í framburði í frönsku.

Niðurstaða áfrýjunarnefndar er því sú að loknu heildarmati á merkjunum að ruglingshætta sé fyrir hendi í skilningi 6. tölul. 1. mgr. 14. gr. vml. með merkjum áfrýjanda í vöruflokkum 14, 18, 24 og 25 og merkis varnaraðila í vöruflokki 25. Hins vegar verður ekki talið að ruglingshætta sé fyrir hendi í sama skilningi með merkjum áfrýjanda í öllum vöruflokkum sem þau eru skráð í, eða vöruflokkum 9, 14, 18, 24 og 25 og merkis varnaraðila í þjónustuflokki 35. Af þeim sökum er lagt fyrir ELS að fella úr gildi skráningu merkis varnaraðila í vöruflokki 25 en skráning hans á merkinu í þjónustuflokki 35 haldi gildi sínu.

Úrskurð þennan kváðu upp Sigrún Brynja Einarsdóttir, formaður áfrýjunarnefndar, Hafdís Ólafsdóttir aðjúnkt og Sigurður R. Arnalds hrl.

Úrskurðarorð:

Ákvörðun Einkaleyfastofu, dags. 8. apríl 2011, um að skráning vörumerkisins KARAKTER (orðmerki), nr. 239/2010, skuli halda gildi sínu, er felld úr gildi hvað varðar vöruflokk 25, en skráningin heldur gildi sínu í þjónustuflokki 35.

Sigrún Brynja Einarsdóttir

Hafdís Ólafsdóttir

Sigurður R. Arnalds

Rétt endurrit staðfestir: